

# Skólaráð Naustaskóla

3. fundur skólaársins 21. janúar 2021

## Mættir:

Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Rósa María

Fulltrúar starfsmanna: Arna Ýr Guðmundsdóttir, Inga Vala Magnúsdóttir, Kolbrún Sigurgeirsdóttir.

Fulltrúi nemenda: Alexander 9. Bekk og Jónatan Hugi Heimisson 6. Bekk.

## Dagskrá og afgreiðslur:

### 1. Staða verk – og listgreina í skólanum

List – og verkgreinar voru ekki kenndar í skólanum í tvo mánuði vegna sóttvarnaaðgerða. Mikil ánægja er á meðal foreldra og nemenda að þær eru kenndar að nýju. Almenn ánægja er með það fyrirkomulag sem verið hefur á þessu skólaári. Alexander fulltrúi nemenda benti á að oft fá unglingarnir ekki að velja það sem þeir vilja það sem þeir vilja í smiðjum. Skoða þarf hvernig hægt er að breyta skipulagi til að koma í veg fyrir það.

### 2. Skóladagatal 2020 – 2021

Fulltrúar nemenda vilja hafa fleiri uppbrotsdaga á skóladagatali nemdu þeir sem dæmi rafmagnlausa daginn, slæman hárdag, náttfatadag og búningadag, bleikan, blán og röndóttan sokkadag sem er dagur til að minna á Downs heilkennið. Mikilvægt er að setja einnig inn daga þar sem boðið er upp á frjálst nesti til að tryggja að allur skólinn er með frjálst nesti á sama tíma. Sú hugmynd kom fram að þá daga sem frjáls nesti er geti unglingarnir selt snúða í fjáröflunarskyni.

Einnig var rætt um námsferð starfsmanna sem fresta þurfti vegna Covid ástandsins. Vangaveltur um hvenær væri hægt að koma henni við. Ákveðið var að setja fram nokkra möguleika og leggja könnun fyrir starfsfólk. Í framhaldi af því verður starfsdögum raðað með tilliti til þessarar ferðar.